

Morgunbl. 1. nóv. 1914

Í mannkostaleit. Nokkrar setningar.

Noli turbare —.

Lass das tolle Morgenschellen
(Gift für Denker-Nervenzellen,
Lass die Dissonanzen-Wellen
Lass das Schellen-Höllen-Bellen.

Helsta ósk mín er sú, að ná affli til þess að geta glætt það sem bezt er í mér og öðrum.

Hætti menn að niðast á veikleik mínum (svefnleysinu), sem eg var kominn svo nálægt því að sigra.

Þessar morgunhringingar sem eg vil fá afnumdar, banna mér meðal annars að halda fyrirlestra sem eg hafði ætlað mér að halda í vetur, um landlagsfræði, alheimslíffræði (Kosmobiologi), og ef til vill fleira.

Hringingar þær sem eg vil fá afnumdar, eiga engan rétt á sér. Þær eru engum til gagns, nokkrum til бага og að minsta kosti einum til meins.

Verði Reykvíkingar á móti mér í þessu máli (og hafi þeir að minsta kosti, þegar þar að kemur, ekki mildari sleðabjöllur en áður), þá mun sú framtíð sem skilur að hverju starf mitt miðar, nefna þá óvitringa og öðrum nöfnum verri.

31. okt.

Helgi Pjeturss.